

D ó m u r :

Með því hinum reglulega dómara, sem fyrst hafði mál þetta til meðferðar og þingaði í því 10. maí og 27. júní f. á., hefir eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun málsins eins og fyrir er mælt í N. L. 1—2—3, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum og kemst áfrýjandi þá eigi hjá að greiða stefnda eftir kröfu hans hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er eftir atvikum ákveðst 10 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Sigurður Þórðarson greiði stefnda Sveini Guðmundssyni 10 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkest áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 12. febrúar 1917.

Nr. 47/1916:

Gunnar Ólafsson f. h. firmans
Gunnar Ólafsson & Co.
gegn
Carl Olsen f. h. firmans
Nathan & Olsen.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, firmað Nathan & Olsen í Reykjavík, fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu,

gegn firmanu Gunnar Ólafsson & Co. í Vestmannaeyjum, til greiðslu á skaðabótum fyrir rof á samningi um sölu á lýsi, að upphæð 1624 kr. 71 aur. Var mál þetta dæmt í gestaréttinum 19. febr. f. á. á þá leið, að ef Gunnar Ólafsson, meðeigandi í firmanu Gunnar Ólafsson & Co, innan 6 mánaða frá birtingu dómsins, ynni eioð að því á varnarþingi sínu, að hann hefði ekki selt Nathan & Olsen 30—40 tunnur af lýsi hinn 27. febr. 1915, á 75 kr. hverja tunnu til afhendingar í næstu ferð gufuskípa Bergenska gufuskípafélagsins þar á eftir, skyldi Gunnar Ólafsson & Co. vera sýknir af kröfum firmans Nathan & Olsen og það þá greiða 40 kr. í málskostnað, en ynni Gunnar Ólafsson ekki eioðinn, skyldi firmað Gunnar Ólafsson & Co. greiða Nathan & Olsen skaðabætur, ákveðnar af tveimur óvilhöllum dómkvöddum mönnum, þó ekki yfir 1624 kr. 71 e. og málskostnað með 40 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandi, Gunnar Ólafsson f. h. firmans Gunnar Ólafsson & Co., skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 7. ág. f. á. og krafist þess, að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnda firmans Nathan & Olsen, en til vara að skaðabæturnar verði ekki ákveðnar hærri en 33 kr. 75 a. og til þrautavara að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur. Loks krefst hann málskosnaðar fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi, Carl Olsen, hefir fyrir hönd firmans Nathan & Olsen, gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefni 27. sept. f. á. og krafist þess að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 1624 kr. 71 e. í skaða-

bætur, með 5% ársvöxtum frá 23. júní 1915 til borgunardags, en til vara að firmanu yrði dæmd nefnd upphæð, ynni hann, Olsen, eið að skýrslu sinni í málinu, en til þrautavara krefst áfrýjandi þess að málið verði látið koma undir eiði áfrýjanda, en skadabótaupphæðin ákveðin eins og stefndi hefir reiknað hana, og loks krefst hann, ef engar af þessum kröfum verði teknar til greina, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og firmanu dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirrétti, eftir mati yfir-dómsins.

Með símskeyti 26. febr. 1915 bauð áfrýjandi Gunnar Ólafsson hinum stefndu 30—40 tunnur af lýsi á 75 kr. tunnuna, og krafðist símsvars daginn eftir.

Það er nú viðurkent, að skriflegt svar við símskeyti þessu hefir ekki verið gefið á þeim tíma, sem tiltekinn var í skeytinu, en stefndu skýra þetta þannig, að út af nefndu skeyti hafi annar meðeigandi firmans Nathan & Olsen, Fr. Nathan átt samtál við áfrýjanda, og tjáð honum að von væri þá á verzlunarfélaga sínum, Carl Olsen, til eyjanna á hverri stundu með gufuskipinu »Flóra«, og hafi það þá orðið að samkomulagi að bíða með að fullgera kaupin, þar til Olsen kæmi til eyjanna. — Nefndur kaupmaður Carl Olsen kom til Eyjanna 27. eða 28. febr., og átti þá tal við eigendur firmans Gunnar Ólafsson & Co. um lýsiskaupin; halda stefndu því fram, að þeir Ólsen hafi orðið ásáttir um kaupin, og hafi svo verið um talað að lýsið skyldi sendast með næstu ferð Björgvinjarfélagsins. Næsta áætlunarferð gufuskipafélags

Þessa fórst fyrir, en áður en næsta skip félagsins þar næst á eftir átti að koma til Vestmannaeyja sendu stefndu Gunnari Ólafssyni símskeyti 12. apríl 1915 um að senda hinar umsömdu 40 tonnur af lýsi til nafngreinds manns í Noregi. Upp á þetta skeyti fengu stefndu ekkert svar, og ekki sendi áfrýjandi lýsið.

Hinn 2. maí símuðu stefndu til áfrýjanda á ný og kröfðust þess að hann sendi umræddar 40 tonnur af lýsi með þeirri ferð, en því símskeyti svaraði áfrýjandi á þessa leið: »Þér eigið ekkert lýsi hjá okkur, höfum aldrei selt yður lýsi til útskipunar í apríl eða maí«.

Áfrýjandi kannast við, að Olsen hafi átt tal við sig, er hann kom til Vestmannaeyja í lok febrúar 1915, en hann neitar því eindregið að hann hafi samþykkt tilboð sitt frá 26. febr. Skýrir hann svo frá, að Olsen hafi sem minst viljað um lýsiskaup tala, sagt að lýsi væri að falla í verði og ekkert viljað afráða. Hafi því ekkert orðið úr samningum milli þeirra; hafi áfrýjandi að lokum sagt, að hann vildi ekki eiga lýsið lengur en vikutíma, og með það hafi þeir svo skilið. Svo hafi þessi vikutími liðið, að ekkert hafi frekara heyrst frá stefndu. — Hinn 9. eða 10. marz kveðst áfrýjandi hafa átt samtál við stefndu um borgun fyrir lýsi, er hann áður hafi selt þeim, en engin lýsiskaup hafi þá komið til tals og ekki heldur tilboðið frá 26. febr. Litlu síðar hafi hann fengið bréf, dags. 11. marz, frá stefndu, og ekki hafi þeir þá minst á lýsiskaupin með einu orði, en loks 12. apríl hafi þeir beðið áfrýjanda að

senda 40 tunnur af lýsi til Bergen, en þar sem áfrýjandi hafi skoðað þetta sem fjarstæðu, hafi hann ekki ansað þessu. Svo hafi enn líðið langur tími þar til 2. maí; þá hafi hann fengið símskeyti frá stefndu, þar sem þeir kröfðust þess á ný að hann (áfrýjandi) sendi nú tafarlaust 30—40 tunnur til Bergen af lýsi því, er þeir hefðu keypt af honum, en því skeyti svaraði áfrýjandi daginn eftir, 3. maí, á þann hátt, er að framan er sagt.

Eitt vitni hefir borið það fyrir rétti og unnið eið að því, að Olsen úr firmainu Nathan & Olsen, hafi sagt því á umræddri ferð í Vestmannaeyjum í lok febrúar 1915, að hann, Olsen hefði þann dag keypt lýsi af Gunnari Ólafssyni, en þessi vitnisburður er ekki sönnun þess, að komist hafi á samningur milli málsaðila um kaup á umræddum lýsistunnum, og það verður heldur eigi álitíð, að með vitnisburði þessum út af fyrir sig eða í sambandi við önnur gögn, er stefndu hafa lagt fram í málinu, séu fengnar svo miklar likur fyrir staðhæfingum stefndu, að heimild sé til að láta úrslit málsins vera komin undir eiði áfrýjanda, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi. Það ber því að fella hinn áfrýjanda dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í máli þessu.

Eftir atvikum á málskostnaður fyrir undirrétti að falla niður, en málskostnaður fyrir yfirdómi verða stefndu að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson, fyrir hönd firm-

ans Gunnar Ólafsson & Co. á að vera sýkn af kröfum stefndu, firmans Nathan & Olsen í máli þessu.

Málskostnaður fyrir undirrétti fellur niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndu áfrýjanda með 50 kr., er lúkest áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 4/1917:

Réttvisin
gegn

Kjartani Sveinssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt að fengnar verði ítarlegri skýrslur um ýms atriði þess.

I. Það verður að fá ítarlega skýrslu Magnúsar Jóhannssonar fyrir rétti um öll atriði kæru hans, dags. 11. nóv. 1914, er gaf tilefni til sakamálsins, þar á meðal nákvæma umsögn hans um það, hvort koffortið, sem peningunum var stolið úr, var læst, og hvernig læsingin var, góð eða léleg. Verður að láta Magnús staðfesta skýrslu sína með eiði.